

**Nd.**

**338. Frumvarp**

til laga um geldingu húsdýra.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Hesta og naut, sem gelda þarf, skal svæfa áður en gelding fer fram.

2. gr.

Sýslunefndir hlutist til um, að hæfilega margir geldingamenn séu í hverri sýslu. Skulu þeir hafa lært að fara með svæfingarefni (Cloroform) og einnig aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem þarf til að inna verkið vel af hendi, og hafa fengið um það vottorð frá dýralækni eða héraðslækni. Þeim skal heimilt að gera kaup á svæfingarefni hindrunarlaust, þar sem leyfð er sala á því.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum gildandi lögum.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1931.

Greinargerð.

Gelding húsdýra hefir löngum verið mjög ómannúðleg hér á landi. Þessi margra alda ósiður verður að leggjast niður sem allra fyrst fyrir fullt og allt, en það gerist ekki á stuttum tíma, nema með lagaákvæðum, þó vitanlegt sé, að nokkrir dýravínir eru þegar búnir að taka upp þá aðferð, sem frv. þetta stefnir að.

Það verður að teljast nauðsynlegt, að komið sé í veg fyrir, að húsdýrin okkar mæti hér eftir hinni grimmdarlegu meðferð við geldingna, sem hingað til hefir viðgengizt, og því er þetta frv. komið fram.

Þetta frumvarp er flutt að tilhlutnu Dýraverndunarfélags Íslands, og vill félagið, að lögin nái til allra okkar húsdýra; en nefndin sér það ekki fært að lögbjóða nú þegar, að t. d. unglömb skuli svæfð meðan þau eru gelt; óvíst hvernig það gengi, enda er nú ekki algengt, að lömbin séu gelt; hitt er orðið almennara, að þan eru seld til slátrunnar á haustin.

Þá sjaldan að eldri hrútar verða geltir, þá munu menn fljótt komast á að svæfa þá eins og nant og hesta. Hið sama má segja með hundana, hina tryggð vini manna.

Nefndin telur óþarft að fara fleiri orðum um nauðsyn þessara laga, eða um þann menningaranka, sem þan fela í sér, en treystir hinsvegar á Alþingi, að það sjái metnað sinn í því að samþykkja frumvarpið á þessu þingi.